

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is


1. tbl. 2007 – Febrúar

Góð ávöxtun á síðasta ári

Erlend verðbréf skiluðu góðri ávöxtun

Ávöxtun samtryggingardeildar Lífeyrissjóðs verkfræðinga var góð á síðasta ári. Nafnávöxtun var 17,5% og hrein raunávöxtun var 9,6%. Erlend hlutabréf skiluðu yfir 30% ávöxtun sem að stærstum hluta má rekja til gengislækkunar krónunnar en að auki skiluðu erlend hlutabréf góðri ávöxtun á síðasta ári. Sett var á stofn ný séreignardeild (séreignardeild 2) í byrjun árs sem fjárfestir bæði í hlutabréfum og skuldabréfum en fyrir var séreignardeild (séreignardeild 1) sem fjárfestir aðeins í innlendum skuldabréfum. Allt fram í september á síðasta ári voru horfur góðar í séreignardeild 1 eða þar til ríkisstjórnin tilkynnti um lækun matarskatts. Í kjölfarið lækkuðu verðbólguvæntingar og ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hækkaði verulega sem hafði þau áhrif að ávöxtun skuldabréfasjóða var mjög lítil á síðasta ári. Ávöxtun séreignardeildar 1 var 8,3% og hrein raunávöxtun 1,2%. Hins vegar eru innri raunvextir sjóðsins nú um 7,5% sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafan lækkar þá mun það

skila sér vel í ávöxtun sjóðsins. Séreignardeild 2 skilaði hins vegar 13,6% ávöxtun eða 6,2% hreinni raunávöxtun frá byrjun mars til ársloka, reiknað til ársávöxtunar. Sjóðfélagar í séreignarleið 2 munu þó sjá hærri ávöxtun á yfirlitum sínum þar sem sjóðurinn ávaxtaðist vel frá miðju ári til ársloka þegar mesta innstreymi var inn í sjóðinn.



Aðalfundur 20. mars 2007

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn þriðjudaginn 20. mars á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38. Fundurinn hefst kl. 17:00. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og kjöri til stjórnar sjóðsins.

Hádegisfundur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður verkfræðinga efnir til hádegisfundar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og hlutverk þeirra í efnahagslífinu. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar á Grand Hótel Reykjavík kl. 12:00-13:00. Ræðumenn verða Skarphéðinn Berg Steinarsson hjá Baugi, Tryggvi Þór Herbertsson bankastjóri Aska, nýs fjárfestingarbanka, og Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB. Aðgangur er ókeypis og öllum opin og eru sjóðfélagar hvattir til að sækja fundinn. Veitingar verða í boði sjóðsins.

Námskeið um töku lífeyris

Lífeyrissjóður verkfræðinga efnir til námskeiðs um töku lífeyris fyrir sjóðfélaga sem eru að nálgast eftirlaunaaldurinn. Námskeiðið verður haldið í kjallara Verkfræðingahúss að Engjateigi 9, mánudaginn 19. febrúar og hefst kl. 17:15. Farið verður m.a. yfir hvernig sótt er um lífeyrisgreiðslur, hvað er hægt að búist við háum greiðslum, áhrif af frestun eða snemmtöku lífeyris, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl. Óþarfi er að skrá sig á námskeiðið. Fundarboð verða send eldri sjóðfélögum í pósti, en námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum sjóðfélögum.

Símanúmer þjónustufulltrúa SPRON


| | |
|-----------------------|----------|
| Silja Valdimarsdóttir | 550 1443 |
| Ýlfa Proppé | 550 1333 |
| SPRON Ármúla 12 | 550 1200 |

Viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga

Lífeyrissjóður verkfræðinga lét Lausnir ehf. framkvæma viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga um starfsemi og þjónustu sjóðsins. Könnunin var gerð í október síðastliðnum en sambærileg könnun var gerð af sama aðila í október 2002.


Samkvæmt könnuninni tengist ímynd sjóðsins einkum lánnum og hinum hagstæðu lánakjörum sem sjóðurinn veitir. Traust og velvilji eru einnig meðal jákvæðra þátta.

Hvað kemur fyrst upp í huga þér þegar LV er nefndur á nafn




Þegar spurt var um sterkar hliðar sjóðsins voru einkum nefnd hagstæð lán og að sjóðurinn væri traustur og öflugur m.a. vegna tekjuhárna sjóðfélaga. Þá var nefnd góð ávöxtun, há réttindi og góð stjórn sjóðsins.

Hverjar eru sterkar hliðar LV



Þegar spurt var um veikleika þá var smæð sjóðsins nefnd, slök ávöxtunarstefna og lágur eftirlauna-greiðslur til lífeyrisþega. Þá var einnig nefnt ósætti innan sjóðsins, svo og skerðing réttinda.

Hverjar eru veikar hliðar LV



Þegar spurt var um þjónustuna á skrifstofu sjóðsins þá kváðust um tveir þriðju viðmælenda hafa reynslu af henni. Flestir voru ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna. Talið var að þjónustan væri persónuleg og það væri yfirleitt leyst vel úr málum sjóðfélaga. Óánægja með þjónustuna tengdist einkum skorti á upplýsingum eða svörum við fyrirspurnum eða skorti á sveigjanleika.

Áttatíu og fimm prósent viðmælenda telja að þeir fái nægar upplýsingar frá lífeyrissjóðnum og svipað hlutfall telur að þær séu skýrar og aðgengilegar. Liðlega helmingur kváðst hafa kynnt sér vefsíðu sjóðsins. Um helmingur þeirra var ánægður með vefsíðuna en tæpur fjórðungur aðeins þokkalega ánægður eða fannst síðunni ábótavant og fjórðungur hafði ekki skoðun eða man ekki eftir reynslu sinni.

Tæplega helmingur þeirra sem spurðir voru töldu sig vita hvernig sjóðurinn ávaxtar eignir sínar. Af þeim kváðust liðlega tveir þriðju vera ánægðir með fjárfestingarstefnuna og hefur ánægjan aukist með þennan þátt frá síðustu könnun. Spurt var um ánægju með lánastefnu sjóðsins og kváðst rúmur helmingur ánægður með stefnuna. Hafði ánægja sjóðfélaga minnkað nokkuð með þennan þátt frá síðustu könnun. Eins og í síðustu könnun er merkjanlegur munur á milli aldurshópa, hinir yngri eru mun ánægðari með stefnuna í lánamálum en þeir eldri.

Töluvert fleiri greiða nú til séreignarsjóða en áður og hlutfall þeirra sem greiða nú til séreignarsjóðs Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur lækkað verulega en herra hlutfall greiðir nú til annarra séreignarsjóða.

Rúm fjörutíu prósent aðspurðra töldu að séreignarsparnaður ætti að veða þyngra í framtíðinni, tæp tuttugu prósent töldu að stefna bæri að meiri samtryggingu.

Þegar spurt var hvort Lífeyrissjóður verkfræðinga ætti að sameinast öðrum lífeyrissjóði kvað rúmur þriðjungur já við þeirri spurningu. Tæpur helmingur svaraði neitandi en rúmur fimmtungur var ekki viss í sinni sök. Viðmælendur voru spurðir álits á þeirri hugmynd að breyta nafni sjóðsins í Lífsverk. Tæpum fjörutíu prósentum aðspurðra leist vel á þessa breytingu en fjörutíu prósentum ekki og hlutlausir voru ríflega tuttugu prósent.

Könnun sem þessi er mjög gagnleg fyrir stjórnendur sjóðsins. Mikilvægt er, að sjóðfélagar eru almennt ánægðir með starfsemi sjóðsins. Skiljanlega eru skiptar skoðanir um ávöxtun sjóðsins. Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur fylgt varfærinni fjárfestingarstefnu um langt skeið. Háa ávöxtun lífeyrissjóða undanfarin ár má að stærstum hluta rekja til góðrar ávöxtunar innlendra hlutabréfa. Lífeyrissjóðir hafa verið með allt upp í þriðjung af eignum í innlendum

hlutabréfum en Lífeyrissjóður verkfræðinga er með tæp 15%. Varfærin fjárfestingarstefna sjóðsins felst í vel dreifðu eignasafni.

Ýmislegt hefur verið gert á undanförunum árum til að bæta þjónustu við sjóðfélaga og auka skilvirkni á skrifstofu sjóðsins. Allri lánaumsýslu var úthýst til SPRON á árinu 2005 og hefur það samstarf gengið mjög vel. Sjóðfélagar eru yfirleitt ánægðir með þjónustuna hjá SPRON. Ný séreignarleið var stofnuð í byrjun síðasta árs. Boðið var upp á rafræn skil iðgjalda á síðasta ári og hefur það skilað mikilli hagræðingu, bæði fyrir launagreiðendur og sjóðinn.

Sjóðurinn mun nýta niðurstöður könnunarinnar til að bæta þjónustu sjóðsins enn frekar. Fyrirhugað er að gera breytingar á heimasíðu sjóðsins þannig að hún verði aðgengilegri og einnig þarf að bæta form yfirlita sjóðfélaga og launagreiðenda á heimasíðunni. Einnig er fyrirhugað að safna netföngum sjóðfélaga til að bæta upplýsingamiðlun.

Niðurstöður könnunarinnar í heild eru birtar á vefsíðu sjóðsins, www.lifsværk.is.

Lágmarksiðgjald hækkar í 12%

Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Með breytingunni er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða hækkað úr 10% af heildarlaunum í 12% frá og með 1. janúar 2007.

Í lögnum er veitt undanþága frá þessu ákvæði, ef samið hefur verið um greiðslu 10% lágmarksiðgjalds í kjarasamningum, og gildir undanþágan þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi, en frá þeim tíma hækkar iðgjaldið í 12%.

Skipting iðgjaldsins er þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 8%.

Þar sem lágmarkstryggingavernd sjóðsins kostar 10%, það er það iðgjald sem þarf að greiða til að tryggja lágmarksréttindi í samtryggingu samkvæmt lögum, mun sjóðfélögum áfram verða boðið að láta þann hluta iðgjalda sem er umfram 10% renna í séreignarsparnað.

Breytingar á samþykktum

Þann 1. nóvember 2006 og 1. janúar 2007 tóku gildi breytingar á samþykktum sjóðsins sem samþykktar voru á aðalfundi í apríl 2006 :

Breytingin 1. nóvember tók til eftirtalinnna greina:

- 4.1 Iðgjöld til samtryggingardeildar verði í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma og að lágmarki 10%.
- 5.1 – 5.12 Heimildir til fjárfestinga ekki taldar upp, heldur vísað til gildandi laga og reglna.
- 8.5 Frá 1 janúar 2007 verður hætt að safna réttindum til ævilangs makalífeyris frá 67 ára aldri, en áunnin réttindi halda sér. Makalífeyrir verður að lágmarki greiddur í fimm ár í stað tveggja ára áður.
- 17.2 Ný grein. Stjórn heimilað að gera breytingar á samþykktum sem leiða af lögum.

Breytingin 1. janúar 2007 tók til greinar 6.10 en með henni hækkar ávinnsla ellilífeyrisréttinda um 11% að meðaltali.

Forskráning á skattframtöl

Á síðasta ári leituðu skattfyrirvöld eftir samstarfi við lífeyrissjóði um aukna þjónustu við framteljendur með forskráningu upplýsinga um lífeyrissjóðslán á skattframtöl. Lífeyrissjóður verkfræðinga varð við þessari beiðni og sendi upplýsingar til forskráningar sem færðar voru inn á “Sundurliðunarblað” sem fylgir með rafrænu skattframtali. Ekki er hægt að skrá upplýsingar um lánin beint í viðkomandi reiti á framtalinu því einungis sá hluti lánanna sem tengist húsnæðis kaupum fer inn á framtalið. Framteljendur þurfa því að sækja upplýsingarnar á sundurliðunarblaðið. Þessi þjónusta mæltist mjög vel fyrir meðal sjóðfélaga. Sami háttur verður hafður á í framtíðinni og mun SPRON senda upplýsingarnar til skattfyrivalda.

Útsending yfirlita

Lífeyrissjóðir senda iðgjalda- og réttindayfirlit til sjóðfélaga á vormánuðum fyrir nýliðið ár. Lífeyrissjóður verkfræðinga mun senda iðgjaldayfirlitið með fundarboði til aðalfundar í mars.

Sjóðfélaga- og launagreiðendavefur

Það hefur færst í vöxt að sjóðfélagar nýti sér vefsíðu sjóðsins til að skoða yfirlit yfir greidd iðgjöld og áunnin lífeyrisréttindi. Kvartað hefur verið yfir því að form yfirlitanna sé ekki nægilega skýrt og hefur þeim upplýsingum verið komið á framfæri við þá sem þjónusta kerfið. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér vefsíðuna til upplýsinga og hafa samband við skrifstofu sjóðsins ef lykilorð hafa týnst. Einnig eru launagreiðendur meðal sjóðfélaga, einrykjar, hvattir til að skila skilgreinum á vefsíðu sjóðsins. Það er einföld aðgerð sem sparar vinnu og tíma og gerir iðgjaldaskráningu nákvæmari. Hægt er að sækja um aðgang að sjóðfélagavef og launagreiðendavef á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.


Auknar lífslíkur auka skuldbindingar sjóðsins

Áætlaður líftími 67 ára karls er nú 16,1 ár, samanborið við 16 ár í fyrri útreikningum, og hjá konum er áætlaður líftími nú 18,9 ár, samanborið við 18,3 áður. Þetta kemur fram í nýjum útreikningum um lífslíkur sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur unnið og byggjast á reynslu árunum 2001 til 2005.

Þessar upplýsingar um auknar lífslíkur verða notaðar við tryggingafræðilegt uppgjör Lífeyrissjóðs verkfræðinga m.v. 31. des. 2006. Ætla má að þær leiði til 1-2% hækkunar á skuldbindingum sjóðsins. Á árunum 2001-2004 varð tvívegis hækkun á skuldbindingum, samtals yfir 5%, vegna nýrra upplýsinga um lífslíkur.

Fjárfestingarstefna 2007

Fjárfestingarstefna sjóðsins er endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári. Milli árunum 2006 og 2007 breyttist áherslan nokkuð. Dregið verður úr innlendum skuldabréfum en aukið verður við innlend og erlend hlutabréf. Um helmingur bankainnistæðna er vegna sjóðfélagalána sem SPRON afgreiðir. Sjóðurinn fjármagnar lánin með því að leggja sömu fjárhæð inn á bók hjá SPRON. Hlutabréfatengd skuldabréf eru verðbréf sem taka hækkunum erlendra hlutabréfa-vísitalna en eru vernduð fyrir niðursveiflu. Sérniðnar fjárfestingar eru t.d. vogunarsjóðir, fjárfestingarsjóðir og framtakssjóðir.



Fréttabréf Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Ábyrgðarmaður: Stefán Halldórsson
Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík
Sími: 568 8504
Netfang: lifsverk@lifsverk.is
Skrifstofan er opin kl. 9:00 – 16:00